REGLUGERÐ

um breytingu á reglugerð nr. 367/1997 um viðurkenningu á starfi og starfsþjálfun í iðnaði í öðru EES-ríki.

1. gr.

Á eftir 1. gr. bætist við ný gr., 1. gr. a, sem orðast svo:

Að svo miklu leyti sem ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sem vísað er til í 46. tölul. VII. viðauka við samninginn um gagnkvæma viðurkenningu á starfsmenntun og hæfi, tekur til starfa í iðnaði skulu ákvæðin öðlast gildi með þeim breytingum og viðbótum sem leiðir af VII. viðauka, bókun 1 um altæka aðlögun og öðrum ákvæðum samningsins, sbr. lög nr. 2/1993 um Evrópska efnahagssvæðið, með síðari breytingum.

Eftirtalin gerð öðlast því gildi hér á landi:

Tilskipun ráðsins 75/368/EBE frá 16. júní 1975 um ráðstafanir til að auðvelda að

staðfesturéttar og réttar til að veita þjónustu sé neytt að því er varðar ýmsa starfsemi (úr ISIC deildum 1 til 85) og einkum bráðabirgðaráðstafanir með tilliti til þessarar starfsemi.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 2. gr. iðnaðarlaga nr. 42/1978, eins og henni hefur verið breytt með lögum nr. 40/1997, öðlast þegar gildi.

Texti framangreindrar tilskipunar, áður birtur í sérriti S 34 í EES-gerðum sem tengdust Stjórnartíðindum, birtist í viðauka við reglugerð þessa.

Iðnaðarráðuneytinu, 15. apríl 1999.

Finnur Ingólfsson.

Jón Ögmundur Þormóðsson.

Fyrirvari
Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.
Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá síðarnefndi ráða.